

Nd.

232. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1947 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu, að framlengd verði óbreytt heimild sú, sem nú gildir samkv. lögum nr. 99 1945 til að innheimta ýmis gjöld með viðauka.

Nefndin mælir því með því, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðanna „aukatekjur ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 27 27. júní 1921“ kemur: þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921.

Alþingi, 16. des. 1946.

Ásgeir Ásgeirsson,
form., frsm.

Jóhann Hafstein,
fundaskr.

Einar Olgeirsson.

Hallgrímur Benediktsson.

Skúli Guðmundsson.